



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir gististað; gistiheimili (Reykjavík Local) að Baldursgötu 39,
F2005981, rými 01 0101.

Nafn leyfishafa: Reykjavík Local ehf.

Heimilisfang: Baldursgata 39, 101 Reykjavíkurborg

Kennitala: 681013-0590

Gildir frá: 2. október 2025

Gildir til: 2. október 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfissskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Starfsleyfissskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skýlt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 2. október 2025





Greinargerð með starfsleyfi fyrir Reykjavík Local að Baldursgötu 39.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsti drög að starfsleyfi fyrir gististað; tegund gistiheimili, Reykjavík Local að Baldursgötu 39, þann 28. ágúst sl. ásamt eftirtöldum gögnum: Drögum að starfsleyfi, Umsókn um starfsleyfi, Rekstrarleyfisumsókn sýslumannsins á höfuðborgar-svæðinu, Jákvæðri staðfestingu byggingarfulltrúa um að húsnæði og fyrirhuguð starfsemi gististaðar séu í samræmi við byggingarreglugerð og skipulag og Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði í Reykjavík.

Frestur til að koma með skriflegar athugasemdir var til 26. september 2025. Umsækjandi um starfsleyfi er Reykjavík Local ehf., kt. 681013-0590.

Engar athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðs rekstrar gistiheimilis að Baldursgötu 39.

Umsókn Reykjavík Local ehf., kt. 681013-0590, dags. 27. ágúst 2025, að loknu auglýsingaferli, var lögð fyrir 1863. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 2. september 2025, um starfsleyfi fyrir gististað; gistiheimili (Reykjavík Local) að Baldursgötu 39, F2005981, rými 010101. Ný starfsemi. Samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.*

Reykjavík, 6. október 2025